

TORLEIÐI

(*Per ardua*)

I

Sögu þessa er rétt að byrja á því að minnst manns, sem var einn á báti úti í Faxaflóa, og þó þannig, að báturinn hafði farist. Maðurinn sem svona illa var komið fyrir var Pjetur Pjetursson, bóndi norðan úr Skagafirði, þá þrítugur að aldri, Fyrir stundu höfðu verið 7 á bátnum, en nú var hann einn eftir. Síðast hafði hann séð Jón bróður sinn verða að sleppa tökunum, þó að knár væri, og hverfa í sjóinn og drukkna. Og bátinn rak til hafs. Svo fast togaði sjórinn Pjetur til sín, að honum fannst eins og hann ætlaði að slitna sundur, og kuldinn nísti hann inn í bein. Og honum fannst eins og þetta stríð við dauðann hefði verið nálega öll hans ævi, en allt sem á undan var farið, einungis stuttur inngangur að þessum ógurlega löngu stundum. Hátt á sólarhring leið frá því, að bátur fórst fyrir Hafnarfjarðarmynni, og þangað til þessi heiðursmaður úr Reykjavík, sem kallaður var Gissur vaktari, kom út á Svið, og sá bátinn, Og þá var Pjetur enn á bátnum. Þetta höfðu smiðshendurnar dugað. En mjög var hann að fram kominn, og kviðslitinn var hann báðumegin. Og aldrei náði hann eftir þessa ferð, kröftum sínum aftur til fulls.

II

Konu átti Pjetur sem hét Kristín, og hafði víst verið ein af þessum fallegu stúlkum, sem hafa held ég alltaf verið til í Norðurlandi (og þó víðar hér), allt frá því er ein óx þar upp, sem kölluð var Hólmasól. Tvo drengi áttu þau hjónin, og hétu Jón og Pjetur; það voru þau nöfnin, sem nú öld eftir öld, höfðu algengust verið í þessari smiða-ætt. Drengir

Þessir uxu upp við mjög íslenskar ástæður, því að Kot hét bærinn, en næðingasamt þar í Norðurárdalnum. Jón var hinn ástúðlegasti bróðir, og Pjetur, sem var talsvert yngri, mjög elskur að honum. Einusinni sem oftast, fór Jón að smala, og Pjetur með honum. Smalavegur frá Kotum er brattstíginn mjög, og upp með Valagilinu að fara — því hinu sama sem Hannes Hafstein hefir kveðið um — og er þar gljúfur djúpt og dimmt. Og í þessari ferð sá Pjetur Jón bróður sinn hverfa ofan í gljúfrið. Og ég held að hann hafi aldrei náð sér alveg eftir þá sjón. Þá var Jón um tvítugt þegar þetta varð, en Pjetur níu ára. Og eftir þennan atburð var mun dauflegra í Kotum, en áður hafði verið.

III

Íslendingar hafa verið einhver slysnasta þjóðin á jörðu hér, og vil ég biðja menn að hugleiða hvað það þýðir, að hefðu ástæður verið nokkurnveginn sæmilegar síðan um 1200, þá mundu vera á lífi nú, meir en 100 Íslendingar fyrir hvern einn sem er. En þó er við slíku að búast, um þjóð eins og þessa, meðan illa gengur. Því að þar sem er þessi þjóð, var nær því komið að næðist að vaxa fram til hinnar réttu áttar, en áður hafði verið á jörðu hér, og því von að mjög illa færi, þegar ekki fór vel. En ætt þessa mikla listamanns, Sturlu smiðs, sem Pjetur í Kotum var kominn af í beinan karlegg, er ein þeirra, sem tiltakanlega slæm hafa verið slysin í. Föðursystir Pjeturs afa míns var Guðrún Pjetursdóttir, en hún var móðir Baldvins Einarssonar, er einn af mestu atgervismönnum var á Íslandi, á 19. öld, og bana hlaut á svo slysalegan hátt sem kunnugt er, fáeinum árum eftir að Pjetur frændi hans hafði fengið að reyna, hvað erfitt getur orðið að vera á ferð í Faxaflóa. Og enn á líkum aldri, eða um þrítugt, var faðir minn, þegar honum vildi það óhapp til — taugaveiki — sem eyddi svo orku hans, að hann varð aldrei samur maður síðan.

IV

Þannig var undirbúningurinn undir mig, eins og nú var sagt. Og er þó ekki talið sumt, sem ennþá frekar varð til að varna því, að ég gæti orðið atgervismaður á vöxt og vaskleik, eins og mínir fyrri frændur höfðu verið svo margir, og mér hefði verið hin mesta þörf á að verða, með þeirri tilhneigingu til að fara sumar leiðir ekki auðsóttar, sem í mér er. En þetta sem ég læt ósagt, er mest úr sögu móðurættar minnar. En móðir mín, sem ég síðar, þegar ég verð þess megnugur, mun reisa þann minnisvarða sem hún á skilið, var komin af þremur sonum Þórarins á Grund og Sigríðar Stefánsdóttur, móður Jóns Espólíns. —

Vel gæti ég ritað ævisögu mína — og forfeðra minna, það sem mér er kunnugt — þannig að fróðleikur væri í. En þó verð ég að sinni að láta sitja við það, sem helst er nauðsynlegt til þess að lesendur mínir skilji betur erindi Nýals, og hvers vegna ekki er fullkomlegar flutt. En af því má marka hverjir ágætastir eru að viti, að slíkir munu helst kenna, hvert erindið er, þó að víða sé vankveðið.

V

Haustið 1891 kom ég til Hafnar, þá 19 ára gamall. Náttúrufræði ætlaði ég að stunda, og 3 hin síðari ár mín í skóla, hafði ég setið mjög við að lesa þesskonar bækur. Á aldrinum frá 16-19 ára, kynntist ég jarðfræði Lyells, líffræði Darwins og heimsfræði Kants og Humboldts. Það mun hafa verið hátt í tíu þúsund blaðsíðum, sem ég las af slíku, á þeim árum, og til þess að komast í gegnum þessar þykku bækur á þýsku og ensku, var ég sestur við stundum, fyrir kl. 6 á morgnana. Við stúdentspróf varð ég efstur okkar félaganna; ágætiseinkunn frá Reykjavíkurskóla var svo sjaldgæf, áður en yngri kennarar komu að skólanum, að sumir voru farnir að halda, að vér Íslendingar mundum vera treggáfaðastir námsmenn í Danaveldi. Meðaltal af einkunnum fyrir þýðingu úr latínu á skólaárunum, hefði nægt mér til ágætiseinkunnar; en latínupýðingin brást, prófdómandi hafði af vangá valið óleyfilega torskilið þýðingarefni.

Þegar ég byrjaði nám mitt á háskólanum, virti fyrir mér allar þessar þykku og miklu bækur, sem eigi einungis þurfti að lesa yfir, heldur kunna mikið í, ef próf skyldi taka, og fór að skoða söfnin, þar sem heita mátti að allt væri mér ókunnugt, þá lá við að mér féllist hugur. Ég sá ekki annað fyrir, en að þarna mundi ég verða einn af busunum. Miklir námsgarpar voru meðal félaga minna þar; voru í þeirri sveit ef til vill sumir gáfuðustu stúdentarnir í háskólanum, miklir efnismenn, eins og síðan hefir sýnt sig. Hafa þeir flestir unnið merkilegt verk, ekki allfáir orðið próffessorar, og jafnvel heimsfrægð og Nobelsverðlaun má hitta í þeim hóp. Fannst mér ég í fyrstu, standa þessum félögum mínum mjög að baki. En mikill ávinningur var það, að stunda nám í slíkum hóp. Og þegar leið á námstímann, fór sjálfstraust mitt að aukast. Betur og betur lærði ég að læra, og sjá hvernig náminu yrði best hagað. Og því meira sem ég lærði, því meiri varð áhuginn á að vita. Dýrafræði og jarðfræði var það, sem ég stundaði mest, og stundum dýrafræði meir.

VI

Haustið 1896 var ég að búa mig undir próf af miklu kappi. Fékk ég þá liðaveiki mjög slæma og kvalafulla, líklega af því að verða innkulsa við lestur í köldu herbergi. Eftir það varð ég að lesa próflesturinn án þess að geta hreyft mig annað en rétt hið allra nauðsynlegasta húsa á milli. En frá því haustið 1892 hafði ég iðkað leikfimi, 3 tíma á viku og stundum fleiri, hjá hinum ágæta kennara, cand. polyt. N. H. Rasmussen, og var mér það hressing mikil. En áður en ég tók það upp, hafði ég verið einn af ómenntuðustu mönnum líkamlega, minna jafnaldra, og kyrrsetumaður hinn mesti. Á bók sem góður maður gaf mér, 7 ára gömlum, er ég skrifaður studiosus.

Prófið tók ég í janúar 1897, í dýrafræði, grasufræði, steinafræði, jarðfræði og landafræði, skriflegt og munnlegt í hverri grein, 10 einkunnir alls. Efstur hefði ég orðið þar, hefði átt að raða þeim sem það próf höfðu tekið, og vil ég þó ekki leyna því, að mér þykja nokkrar líkur til, að allar

5 ritgerðirnar hafi verið of lágt metnar, og að einkunnin hefði orðið hærri, hefði munnlega prófið verið á undan. Í munnlegri dýrafræði fékk ég hreina ágætiseinkunn, og veit ég ekki til að sú einkunn kæmi fyrir við embættispróf í annað sinn, á mínum námsárum. —

Ef til vill er réttara, sumra lesenda minna vegna, að taka fram, hvers vegna ég er að segja frá þessum prófum. Prófvitnisburðir eins og þessir, eru talsvert vandfengin vottorð fyrir ástundunarsemi í mesta lagi, og þó nokkra hæfileika til að læra. En í ritgerðum mínum er verið að reyna til að kenna sitthvað sem vandlært hefur verið, og geta próf mín orðið til þess að auka traust á því, að ekki sé lagt út í slíkt, fyrr en eftir mjög alvarlega viðleitni á að læra.

VII

Auðvitað hafði ég lesið alla daga frá morgni til kvölds, og ekki einu sinni tekið mér frí á jóladaginn. Og eftir prófið var í mér þreyta nokkur, dálítið öðruvísi en áður hafði verið. Kenni ég því um, að ég hafði lesið svo ákaft, án þess að geta hreyft mig meir en áður var sagt.

Um vorið lagði ég af stað í för þá, sem nokkuð er af sagt í bókinni „Um Grænland“. Skipið var gamalt, farbúðin (káetan) gerð þannig, að sem allra minnst af köldu lofti gæti komist þar að, eitt lítið snerilspjald (ventill) á þilfari, en enginn gluggi til að opna, hvorki „skylight“ né „kýraugu“. Tvo mánuði vorum við á leiðinni, og hefði mér þótt það ágætt, ef farbúð hefði verið sæmileg, því að mjög þykir mér mikið til hafsins koma, eins og jafnvel má ráða nokkuð af „Grænlandsföru“ minni. Og í þessari ferð, byrjaði ég að læra hvað hafið er. Mér fannst ég varla hafa komið á sjó svo fróðleikur væri í, fyrr en ég var á seglskipi.

Nú liðu svo nokkrar nætur, að þó að loftillt væri meir en ég hafði fengið að reyna áður, þá grunaði mig ekki þau vandræði sem yfir mér vofðu í þessari ferð. En svo tóku félagar mínir upp þá skemmtun að fara að spila l'hombre á hverju kvöldi. Kemur mér náttúrlega ekki til hugar, að telja slíkt ámælisvert, og ekki mundi það hafa sakað, ef farbúð

hefði verið nokkru rýmri, eða ferð skemmri. En nú var 54 kvöld í röð, spilað skammt frá rúminu mínu, og svo fór, að ég hætti alveg að sofna framan af nótt. En 59 morgna í röð var komið að sópa káetuna, stundvíslega kl. 5, svo að lítið varð úr morgunsvefni líka. Eftir nokkurn tíma, var ég hættur að sofa nema lítinn hluta nætur, og nú þótti mér gamanið grána. Þó að ég hefði betri og meiri mat en ég hafði átt að venjast á námsárum mínum lengst af, þá fóru kraftar mínir alltaf minnkandi, og allt sem heitir ánægja og góð líðan sagði skilið við mig.

Náttúrlega gerði ég orð á þessari breytingu sem á mér var orðin, og fékk ég þá að finna það, sem ég hefi rekið mig á síðan svo oft. Menn héldu að þarna mundi koma fram einhver kveifarskapur hjá mér, eitthvað sem harka mætti af sér. Sá ég að sú ímyndun mundi vera nokkuð rótgróin. Einhvern daginn áður en af mér hafði dregið, eins og síðar varð, töluðu menn um að það væri leiðinlegt að geta ekki farið í sjó og synt. Ég fékk mér þá kaðal og bað að gæta annars endans, fór síðan fyrir borð og sýndi að það mátti vel synda þó að úti í reginhafi væri, og er ég þó ekki mikill sundmaður; 5 daga fór ég þannig fyrir borð, og gerðu það ekki aðrir á því skipi. Og satt að segja vil ég engan hvetja til slíks, því að margt býr í djúpinu, og sumt af því kemur beinlínis til að skoða skipið, eins og útselurinn sem ég sá einn daginn, nokkru áður en ég synti.

VIII

Þegar fór að líða á ferðina, var ástand mitt ömurlegt orðið. Ég var orðinn eins og viðskila við þá sem fá að reyna hvað það er að vera ánægður. Ég mundi eftir því að einnig á minni ævi höfðu getað verið ánægjustundir, og helst yfir náminu, eða í leikfimissalnum, þegar ég fann að vilji minn á að láta mér fara fram, hafði borið nokkurn ávöxt. Einnig ég hafði getað farið á fætur á fögrum vormorgni til að gleðjast yfir glöðu skini. En það var orðið einhvernveginn svo undarlega langt síðan ævin hafði getað verið þannig. Nú var alltaf líkt og lægi á mér eitthvert farg, sem með engu móti

varð losnað við. Ég fékk að reyna dálítið af líðan þeirra manna, sem verið er að kvelja til dauða með svefnbanni.

Oft stóð ég við borðstokkinn, eftir að norður í þokuna kom, og horfði niður í hinn gallgræna sjó, og var að hugsa um, hvort ekki væri betra að skjótur endir yrði á svo vesölu lífi, sem mitt var orðið.

Nokkrum dögum áður en við komum til Grænlands, var þessi gamli heiðursmaður, skipstjórinn, hættur að geta sofnað á kvöldin. Fékk ég þá að sjá það, sem ég hefi séð síðan svo oft, að menn bera ekki vel svefnleysi, þó að mikið skorti á, að það líkist því svefnleysi, sem ég hefi fengið að reyna mig á að bera. Skipstjórinn kenndi farþegunum svefnleysi sitt, — þó að farbúðinni muni hafa verið um að kenna mest, — kvaðst þeirri stundu verða mundu mjög feginn, þegar hann losnaði við okkur.

IX

Þannig sem nú hefir sagt verið, fór fyrir mér, hálfþrítugum, í byrjun minnar fyrstu rannsóknarferðar. Eftir að til Grænlands kom, hresstist ég að vísu nokkuð; en ekki kom þó svefninn aftur, og ferðalagið varð mér erfitt. Með því að herða huginn og harka af mér, tókst mér þó að leysa af hendi starf það, sem mér var ætlað, og jafnvel nokkru betur en ég hyggt búist hafi verið við af byrjanda. Og mjög jókst mér sjálfstraust á því, að reyna vit við hina miklu menn, sem þessi sömu svæði höfðu rannsakað á undan mér. Einn af þessum mönnum var prófessor T. C. Chamberlin, Ameríkumaður, þá roskinn orðinn, og einn af helstu jarðfræðingum vorra tíma. Hafði hann skoðað Blæsedalen á Diskó 3 árum á undan mér.

Það var alveg sérstaklega þýðingarmikið fyrir mig, að fá þannig færi á að reyna mig. Ég hafði sem unglingur farið út í heiminn, án þess mér kæmi eitt augnablik til hugar að efast um, að Íslendingar væru óæðra eðlis en stærri þjóða menn. Og þessi sannfæring var ekki neitt sérstök fyrir mig. Ég get ekki betur séð, en að þetta hafi verið hin ráðandi sannfæring Íslendinga, og miklu meir en þeir hafa flestir gert sér grein

fyrir sjálfir. Og ofan á þetta bættist, að álit mitt á sjálfum mér, var alveg sérstaklega lítið, eins og raunar var við að búast, um nokkurn veginn greindan ungling, sem hafði mjög mikinn hug á að verða vísindamaður, en fann að hann átti nálega eftir allt að læra. Þótti mér engin von til annars, en að ég mundi verða eitthvað mjög lítilsháttar, í samanburði við útlenda og mikla vísindamenn. En þegar ég fór að sjá, að ég mundi vera nokkurnvegin á borð við fremstu námsmenn við fjölsóttan háskóla, og síðan, að ég skildi landið sem ég var að rannsaka, engu síður en mestu mennirnir, sem skoðað höfðu það á undan mér, þá kom sjálfs-traustið. Þá hætti ég að telja það sjálfsagt, að ég væri óæðra eðlis, þó að ég væri Íslendingur. Þrátt fyrir alla ófullkomleika og allar hindranir, lærði ég að átta mig á sjálfum mér og minni þjóð, sem hefir svo tilfinnanlega vantað heimspekinga, eða menn sem umfram allt, verðu lífi sínu til að reyna að efla þannig vit sitt, að öllu mannkyni gæti orðið vitauki að. Og því tilfinnanlegra var þetta, sem hér hefir einmitt verið svo mikið efni í þesskonar menn, og einmitt reið hið mesta á því, að sköpuð gæti orðið sjálfstæð íslensk hugsun, þrátt fyrir torleiðið, því að hér varð að koma upp hin sanna heimspeki, *diafilosofia*, sú heimspeki sem er vísindi, og ein dugar til að verða þjóðunum leiðtogi, þannig að komist verði úr villunni á veginn. —

X

Eftir að ég var kominn heim til Íslands, brugðust enn vonir mínar um að svefnleysið mundi batna. Ævin varð nokkuð lík því sem segir um Sisyfos: hann var alltaf að bisa við að koma steini upp brekku, en alltaf valt steinninn ofan aftur. Oft komst ég eitthvað á bataveg, en alltaf brást batinn, og margoft hefi ég farið talsvert langa kafla af þeirri erfiðu leið sem liggur til dauða af svefnskorti.

Eftir 16 ár var þó loksins komið svo fyrir mér, að ég taldi vandræðunum lokið. En þó fór á aðra leið. Einn morgun, snemma, hófst svo illur hvinur í hlustinni, og ómur af ljótu lagi, að ekki varð af hvíld. Það sem ég nú fékk að glíma við,

virðist vera mjög líkt því, sem tónskáldinu Schumann varð að bana. Mun valda þroti í hlustinni, en þó ekki án sambands við áhrif utan að. Haustið 1915 ágerðist þetta, og hefir haldist síðan. Á kvöldin fer að urga og þjóta í hlustinni talsvert erfiðlega, og undir morgun hefjast slík læti aftur, og þá enn þá verr. Úr þessu hefir orðið eins og eitthvað, sem gæti líkst dálítið tilraun til að kvelja mig til dauða með svefnbanni, og hefir mest af orku minni farið í þetta, svo að árum saman hefi ég varla haft þriðjung af líkamskröftum mínum. Og líklega væri ég löngu liðinn undir lok, ef ekki hefði ég, smátt og smátt, lært ýmsar líkamsæfingar, sem orðið hafa til þess að auka þol mitt. Mest gagn hefi ég haft af þeim sið, sem ég tók upp fyrir 18 árum, að reyna til að hlaupa dálítið á hverjum morgni. Þykir mér ekki ólíklegt, að morgunhlaup muni einhvern tíma verða notuð til hressingar og heilsubótar, miklu meir en nú er gert.

XI

Lengi hefi ég ætlað mér að segja þessa sögu, sem hér er sögð, þó að annað hafi orðið í fyrirrúmi, þegar skrifað varð. En í Nýal varð sagan að koma. Menn munu nú skilja, vegna hvers dregist hefir fyrir mér að koma af þessum ritgerðum, þó að ég hafi varla haft stórum minni hug á að skrifa, en maður á báti ekki all-langt fyrir ofan foss, mundi hafa á að róa. Og eins mun lesendum mínum verða ljóst, vegna hvers hugur minn hefir beinst svo mjög að því að rannsaka eðli svefnsins og svefnvitundarinnar. Þrátt fyrir áhuga minn á náttúrufræði, fór ég ekki að hugsa neitt verulega um eðli svefnsins, fyrr en í maímánuði 1897, þegar hin illu umskifti urðu á ævi minni, sem áður er af sagt. En síðan lengi, varð þetta aðalrannsóknarefni mitt, enda er þar upphaf nýrra vísinda, og er ef til vill óhætt að segja, að þær uppgötvanir hafi verið í dýrkeyptara lagi. —

Þér ætla ég að segja það, pappír, vinur minn, að ég er farinn að verða ákaflega þreyttur stundum, svo að ekki má mjög miklu muna, ef ég á ekki að hætta að ná því, sem kalla má að ég hafi mest sóst eftir fyrir sjálfan mig. En það er að

mér yrði lífið ekki svo óbærilegt, að ég gæti ekki unnið að ritgerðum mínum. Og undarlegt mun þeim það þykja, sem ekki eru sálufraeðingar, að þó að ég sé ekki í neinum vafa um, að það mun takast að breyta stefnunni, svo að gott fer að verða að lifa, bæði á Íslandi og annarsstaðar; þó að ég skilji talsvert af því, sem til tíðinda ber, víðsvegar um lönd, og geti glögglega greint, hvernig er að færast í áttina, þrátt fyrir alla atburði hinnar illu stefnu, þá er ég samt nálega vonlaus. Svo þreyttur er ég orðinn.

Það er nálega farið að verða dálítið líkt fyrir mér og Pjetri afa mínum, á bátnum úti á Faxaflóa forðum. Svo þreyttur er ég orðinn. Og ef einhver hefði reynt hvernig það er, að lifa í 25 ár við slík rangindi, sem ég hefi lifað, reynt hvernig það er að vita ár eftir ár, þá hluti, sem mundu gerbreyta til batnaðar, ef þegnir væru, högum þeirrar þjóðar, sem hann þekkir best, og raunar alls mannkyns, en geta þó ekki fengið jafnvel gáfuðustu menn til að þiggja sannleikann, reynt hvernig það er að vera pindaður upp aftur og upp aftur, þúsund sinnum og oftar, einmitt þau árin sem honum væri sem allra mestur hugur á að vinna. Þá mundi honum ekki þykja nein furða, þó að ég vilji heldur, að Nýall segi þessa sögu af torfærunum, sem verið hafa á leiðinni til þess sigurs, sem að vísu mun unninn verða.

10/2 '22.